



**111. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. mars 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsfulltrúi (SJ) sat fundinn undir liðum 5, 6 og 8.

Dagskrá:

1. 202203183 - Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Starfsfólk Austurbrúar kynnrir Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044.

Gestir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri - 08:30

Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri - 08:30

2. 202403116 - Umsókn um lóð, Austurtún 10

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn frá ÞHG. ehf. um að fá úthlutað lóðinni Austurtún 10 á Egilsstöðum.

Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til undanþágu frá reglum um lóðaúthlutun í Múlaþingi þar sem að umsækjandi er lóðarhafi annarrar lóðar þar sem lóðaleigusamningur er óútgefinn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi umsókn og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá úthlutun lóðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

3. 202403027 - Umsókn um byggingarheimild, Höfn 2, 765,

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um byggingarheimild fyrir byggingu 30m² aðstöðuhúss á lóðinni Höfn 2 (L159156) við Djúpavogshöfn. Áformin eru í samræmi við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 en ekkert deiliskipulag er í gildi af svæðinu. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til grenndarkynningar í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með hliðsjón af því ekki er líklegt að áformin hafi veruleg grenndaráhrif samþykkir umhverfis- og framkvæmdaráð að falla frá grenndarkynningu og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt samhljóða.

4. 202310013 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja, til yfirferðar, drög að kortlagningu á þjónustu Múlaþings en hún er liður í mótun þjónustustefnu fyrir Múlaþing, samkvæmt 59. grein samþykktar um stjórn Múlaþings.

Lagt fram til kynningar.

5. 202402096 - Erindi frá eigendum fasteignar við Fjarðará

Heimastjórn Seyðisfjarðar vísaði meðfylgjandi erindi frá lóðarhöfum við Fjarðará, Ólafi Péturssyni og Rannveigu Þórhallsdóttur, til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs á fundi sínum 7. mars sl. Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur skipulagsfulltrúa að vinna drög að svari við fyrirbyggjandi erindi sem lagt verður fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða.

6. 202403096 - Innsent erindi, athugasemd við útgáfu byggingarheimildar fyrir spennistöð við Vesturveg 1

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi, dagsett 6. mars 2024, frá fasteignaeigendum við Vesturveg 3 vegna málsmeðferðar Múlaþings við útgáfu byggingarheimildar vegna spennistöðvar við Vesturveg 1. Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur skipulagsfulltrúa og verkefnastjóra á stjórnarsýsluviði að vinna drög að svari við fyrirbyggjandi erindi sem lagt verður fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða.

7. 202211274 - HEF veitur, staða verkefna

Framkvæmdastjóri HEF veitna fjallar um verkferla HEF í umsjón og viðhaldi veitumannvirkja og til hvaða ráða verði gripið til að minnka líkur á að ástand eins og það sem kom upp á Seyðisfirði nýlega komi upp aftur, þar eða annarsstaðar í sveitarfélaginu. Jafnframt verður farið yfir þá verkferla sem eru til staðar þegar íbúar tilkynna um bilanir í lögnum í eða við lóðir.

Lagt fram til kynningar.



Gestir

Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri - 09:30

8. 202208083 - Aðalskipulag Múlapings 2025-2045

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að taka til umfjöllunar fyrstu drög að stefnu um byggð og samfélag í nýju aðalskipulagi Múlapings. Jafnframt eru lagðar fram til kynningar þrjár fundargerðir frá síðustu fundum stýrihóps auk minnisblaðs og samantektar á umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma skipulags- og matslýsingar. Skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafar frá EFLU verkfræðistofu sitja fundinn undir þessum lið.

Málið er áfram í vinnslu.

Gestir

Kamma Dögg Gísladóttir, EFLU - 10:00

Hrafnhildur Brynjólfadóttir, EFLU - 10:00

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:40

